



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. mars 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum), Þskj. 252, 178. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Frumvarpinu er ætlað að auka réttindi íbúa hjúkrunar- og dvalarrýma með því annars vegar að öllum sem þar búa verði tryggður réttur til einbýlis og hins vegar að heimilismenn öðlist lögvarinn rétt til að vera þar samvistum við maka sinn eða sambúðarmaka.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpi þessu og telur að með breytingunum verði ekki aðeins komið til móts við kröfur aldraðra um að vera ekki þvingaðir til þess að deila herbergi með öðrum heldur sé hér stigið stórt skref í átt að verndun réttar þeirra til friðhelgis einkalífs síns sbr. 71. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þá er frumvarpið og til þess fallið að tryggja vernd fjölskyldulífsins samkvæmt sama ákvæði stjórnarskrárinnar með því að gera hjónum og sambúðarfólki kleift að búa saman á hjúkrunar- eða dvalarheimilum óski þau þess og ef aðstæður leyfa.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri